

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2024/EES/11/54

frá 13. desember 2013

**um breytingu á viðurkenningu Det Norske Veritas samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 um sameiginlegar reglur og staðla um stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit**

(tilkynnt með númeri C(2013) 8876)

(2013/765/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla um stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 4. gr. og 16. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, á framkvæmdastjórnin að sannprófa að handhafi viðurkenningarinnar, sem veitt er í samræmi við c-lið 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, sé viðkomandi lögaðili innan stofnunarinnar sem ákvæði þeirrar reglugerðar gilda um. Ef sú er ekki raunin á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um að breyta þeirri viðurkenningu.
- 2) Tvær stofnanir, Det Norske Veritas og Germanischer Lloyd („aðilar“), öðluðust viðurkenningu 1995 samkvæmt tilskipun ráðsins 94/57/EB<sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 héldu aðilarnir viðurkenningum sínum við gildistöku þeirrar reglugerðar.
- 4) Upphafleg viðurkenning Det Norske Veritas var veitt lögaðilanum DNV Classification AS, nafninu síðar breytt í DNV AS, sem starfaði undir einingunni DNV Group AS, sem ekki er aðgerðareining, sem stofnunin Stiftelsen Det Norske Veritas (SDNV-stofnunin), sem ekki er rekin í hagnaðarskyni og komið var á fót í Noregi, stjórnaði fjárhagslega.
- 5) Upphafleg viðurkenning Germanischer Lloyd var veitt lögaðilanum Germanischer Lloyd AG, síðar komið á fót sem Germanischer Lloyd SE („GL SE“), sem starfaði undir einingunni GL Group, sem ekki er aðgerðareining, sem eignarhaldsfélagið Mayfair, sem komið var á fót í Þýskalandi, stjórnaði fjárhagslega.

6) Hinn 10. júní 2013 fékk framkvæmdastjórnin tilkynningu um áætlaða samfylkingu, skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004<sup>(3)</sup>, þar sem SDNV-stofnunin öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, full yfirráð yfir GL SE og sameinar það dótturfyrirtæki sínu DNV Group AS sem eftir það heitir DNV GL Group AS.

7) Hinn 15. júlí 2013 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun, samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr. Samrunareglugerðarinnar, um að andmæla ekki samfylkingunni sem vísað er til sem „Mál COMP/M.6885 — SDNV/ Germanischer Lloyd“, og lýsa því yfir að hún samrýmist innri markaðinum.

8) Einingin DNV GL Group AS, sem ekki er aðgerðareining og komið var á fót í Noregi, hóf starfsemi 12. september 2013. Þar til sameiginlegur rekstur þeirra hæfist upplýstu aðilarnir framkvæmdastjórnina um að upprunalegu stofnanirnar, DNV AS og GL SE, yrðu áfram til og störfuðu hvor um sig sjálfstætt undir DNV GL Group AS, í samræmi við fyrri reglur sínar, verklagsreglur og kerfi.

9) Eignarhald á GL SE var yfirfært til DNV AS og nafni stofnunarinnar síðan breytt í DNV GL AS. Frá þeim tíma, sem markar upphaf sameiginlegs reksturs, ber DNV GL AS, ásamt dótturfyrirtækjum sínum, ábyrgð á allri flokkunar- og vottunarstarfsemi sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 391/2009. DNV GL AS er því hlutaðeigandi móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, og veita ætti henni viðurkenninguna.

10) Þar með er GL SE ekki lengur hlutaðeigandi móðurfélag eininga þeirrar stofnunar sem ákvæði reglugerðar (EB) nr. 391/2009 gilda um. Því ætti viðurkenning hennar, skv. 4. gr. þeirrar reglugerðar, að falla úr gildi.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 338, 17.12.2013, bls. 107. Hendar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

(2) Tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefitrlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamála-yfirvalda (Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20).

(3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) (Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1).

- 11) Upplýsingarnar, sem aðilarnir láta framkvæmdastjórninni í té, gefa til kynna, frá upphafi sameiginlegs rekstrar og þar til sameiginlegt framleiðsluferfi er til staðar, að gömul skip og yfirstandandi verkefni ætti að meðhöndla aðskilin, samkvæmt fyrri reglum, verklagsreglum og kerfum hjá DNV AS annars vegar og GL SE hins vegar. Samþætta ætti starfsemi og kerfi stig af stigi til að tryggja að skuldbindingum og viðmiðunum reglugerðar (EB) nr. 391/2009 sé fylgt að staðaldri.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 <sup>(1)</sup>.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Handhafi viðurkenningarinnar, sem veitt er Det Norske Veritas, skal, frá gildistökudegi þessarar ákvörðunar, vera DNV GL AS,

sem er móðurfélag eininga allra lögaðila sem mynda hina viðurkenndu stofnun að því er varðar reglugerð (EB) nr. 391/2009.

Q-ATHUGA-KASTA

Vegna yfirfærslu eignarhalds á GL SE til DNV GL AS, fellur viðurkenning Germanischer Lloyd, sem upphaflega var veitt GL SE, úr gildi.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Siiim KALLAS

*varaforseti.*

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1).